



**BS ritgerð
í viðskiptafræði**

Einstaklingsrekstur og einyrkja
Það er einfalt að drýgja tekjurnar, eða hvað?

Auður Elfa Steinsdóttir

Leiðbeinandi Ásmundur G. Vilhjálmsson, aðjúnkt

Viðskiptafræðideild

Júní 2012



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Einstaklingsrekstur og einyrkja
Það er einfalt að drýgja tekjurnar, eða hvað?

Auður Elfa Steinsdóttir

Lokaverkefni til BS-gráðu í viðskiptafræði
Leiðbeinandi: Ásmundur G. Vilhjálmsson, aðjúnkt
Viðskiptafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
júní 2012

Einstaklingsrekstur og einyrkja

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BS prófs við
Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2012 Auður Elfa Steinsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2012

Formáli

Ritgerð þessi er unnin sem lokaverkefni til BS-gráðu í viðskiptafræði við Háskóla Íslands vorið 2012. Vægi ritgerðarinnar er 6 ECTS einingar. Markmið ritgerðarinnar er að skoða hvaða upplýsingar einstaklingur þarf að hafa ef hann hyggst afla sér aukatekna með sjálfstæðum atvinnurekstri. Leitað verður svara við spurningum um muninn á tómstundastarfsemi og sjálfstæðum atvinnurekstri. Hvaða lög og reglur gilda um reiknað endurgjald fyrir eigið vinnuframlag. Hvaða skattar og gjöld tilheyra sjálfstæðum atvinnurekstri og hvaða munur er á lögum um innheimtu og skil á mismunandi sköttum og gjöldum. Ennfremur er umfjöllun um vef RSK með tilliti til þess hversu auðvelt er að afla sér upplýsinga um þessi atriði.

Leiðbeinandi var Ásmundur G. Vilhjálmsson, aðjúkt við Háskóla Íslands. Fær hann bestu þakkir höfundar fyrir samstarfið.

Reykjavík 1. maí 2012

Auður Elfa Steinsdóttir

Útdráttur

Samdrátturinn í íslensku þjóðfélagi eftir efnahagshrun 2008 er kveikjan að þessu verkefni. Vegna samdráttarins þurftu mörg fyrirtæki að glíma við verkefnaskort. Til að draga úr þörfinni fyrir uppsagnir gripu stjórnendur sumra þessara fyrirtækja til þess ráðs að minnka starfshlutfall starfsmanna sinna og/eða lækka laun. Af því leiddi að margar fjölskyldur urðu skyndilega fyrir tekjumissi vegna verri verkefnastöðu vinnuveitenda sinna, þó þær hafi ekki glímt við beint atvinnuleysi.

Í ritgerðinni skoða ég skattaumhverfi einstaklings sem vill drýgja heimilistekjurnar með einstaklingsrekstri eða einyrkju. Leitað verður svara við eftirfarandi spurningunum. Hver er muninn á tómsundastarfsemi og sjálfstæðum atvinnurekstri og hvaða lög og reglur gilda um reiknað endurgjald fyrir eigið vinnuframlag? Einnig skoða ég hvaða skattar og gjöld tilheyra sjálfstæðum atvinnurekstri og hvaða munur er á lögum um innheimtu og skil á mismunandi sköttum og gjöldum. Ennfremur er umfjöllun um vef RSK með tilliti til þess hversu auðvelt er að afla sér upplýsinga um þessi atriði.

Niðurstaðan í lok verkefnisins er að það getur verið flókið fyrir einstakling að afla sér upplýsinga um hvernig á að standa rétt að sjálfstæðum rekstri. Löggjöfin er ekki alltaf nógu skýr þegar kemur að litlum einstaklingsrekstri og ákveðið misræmi er í viðmiðum þegar kemur að uppgjöri á sköttum og gjöldum. Heilt á litið er vefur RSK góður og þar má finna flestar þær upplýsingar sem þarf til að standa rétt að málum. Þó má gagnrýna hvað upplýsingarnar eru dreifðar á vefnum. Það er auðvelt að missa af mikilvægum upplýsingum ef einstaklingurinn veit ekki nákvæmlega að hverju á að leita.

Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Útdráttur	5
Efnisyfirlit.....	6
Myndaskrá	7
Töfluskrá.....	7
1 Öflun aukatekna	8
1.1 Atvinnurekstur einstaklinga	8
1.2 Tómskundastarfsemi	10
1.3 Einstaklingsrekstur eða tómskundastarfsemi.....	10
2 Laun fyrir eigin vinnu	14
2.1 Reiknað endurgjald	14
2.2 Hvernig er endurgjaldið ákvarðað?.....	15
3 Skattar og gjöld í atvinnurekstri.....	17
3.1 Almennt um skatta.....	17
3.2 Tekjuskattur	18
3.3 Tryggingagjald.....	19
3.4 Staðgreiðsla skatta.....	19
3.5 Uppgjör staðgreiðslu.....	23
3.6 Virðisaukaskattur	23
3.7 Uppgjör og skil virðisaukaskatts.....	25
3.8 Samanburður á viðmiðum til ársskila.....	26
4 Niðurstöður	28
5 Lokaorð.....	30
Heimildaskrá.....	31

Myndaskrá

Mynd 1 Samanburður á þróun persónuafsláttar og hámarksviðmiðum vegna ársskila á tekjuskatti af reiknuðu endurgjaldi 2002 til 2011.....	22
Mynd 2 Þróun hámarks veltuviðmiða til ársskila á virðisaukaskatti á árunum 2002 til 2011	25

Töfluskrá

Tafla 1 Yfirlit yfir hámarksviðmið árstekna til ársskila á tekjuskatti af reiknuðu endurgjaldi og þróun persónuafsláttar á 10 ára tímabili.	21
Tafla 2 Samanburður á viðmiðum til ársskila á sköttum og gjöldum.	26

1 Öflun aukatekna

Í upphafi skyldi endinn skoða. Það er að ýmsu að hyggja áður en ráðist er í að drýgja heimilistekjurnar með sjálfstæðum rekstri. Fyrst og fremst þarf að gera greinarmun á því hvort líklegt sé að reksturinn komi til með að standa í einhvern tíma, hvort markmiðið sé að skila rekstaraðila hagnaði til lengri tíma litið, eða hvort starfsemin flokkast frekar undir smáan heimilisiðnað og tómsundastarfsemi. Það þarf að áætla umfang og regluleika væntanlegra viðskipta, hvort það beri að innheimta virðisaukaskatt vegna starfseminnar og hvaða reglur gilda um laun fyrir vinnuframlag eiganda. Síðan þarf að standa rétt að skilum á sköttum og gjöldum af öllu saman.

1.1 Atvinnurekstur einstaklinga

Ekki er gerð krafa um sérstaka skráningu við upphaf einstaklingsrekstrar. Stofnast hann því ekki með formlegum hætti eins og ef um lögaðila væri að ræða. Það er þó mikilvægt að hafa eitthvert viðmið um hvenær rekstur er hafinn. Í skattaframkvæmd er almennt miðað við þann dag sem ákvörðun um reksturinn er tekin, en þó þarf að lýsa ákvörðuninni í verki með ápreifanlegum hætti. Til að mynda með opnun á starfsstöð eða kaupum á tækjum til rekstrarins. Einnig er hægt að lýsa yfir stofnun atvinnurekstrar með því að skila inn sérstöku eyðublaði til Ríkisskattstjóra þar sem rekstraraðili tilkynnir sig inn á launagreiðendaskrá og/eða óskar eftir skráningu á virðisaukaskattsskrá. Ef verulegur dráttur verður á að rekstur hefjist getur komið til þess að frádrætti vegna útgjalda við stofnun rekstrarins sé hafnað. Eins er óheimilt að draga innskatt frá útskatti samkv. lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, fyrr en búið er að tilkynna um starfsemina til skattstjóra og fá útgefið virðisaukaskattsnúmer vegna rekstursins. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003)

Einstaklingsfyrirtæki er alfarið í eigu einstaklingsins og ber hann fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess. Ótakmörkuð ábyrgð þýðir að einstaklingurinn ber ábyrgð á rekstrinum með öllum eigum sínum þar á meðal íbúðarhúsnæði og bíl. (Sigríður Logadóttir, 2003) Samkvæmt Ásmundi (2003) er atvinnurekstur einstaklinga venjulega kallaður sjálfstæð starfsemi til að leggja áherslu á að menn séu ekki launþegar. Önnur hugtök eru einstaklingsrekstur, einyrkjar, eða einstaklingsatvinnurekstur. Samkvæmt

skilgreiningu Guðrúnar Kvaran (2007) var orðið einyrki áður notað um bónda sem bjó einn karlmannna á búi sínu og hafði ekki vinnufólk. Þó að sú merking þekkist enn í dag þá hefur orðið einnig verið notað í síðari alda máli um einstakling með sjálfstæðan atvinnurekstur án þess að hafa aðra í vinnu hjá sér.

Til að einyrki fullnægi atvinnurekstrarhugtakinu verður starfsemin að fullnægja þremur skilyrðum. Skilyrðin eru um sjálfstæði, regluleika og tilgang um að hagnast að fé. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003). Sjálfstæði atvinnurekstrar er skilgreint þannig að einyrkinn þarf að vera óháður öðrum um framkvæmd vinnu sinnar. Hann þarf að geta ráðið því hvaða verk hann vinnur, hvernig og hvenær verkin eru unnin og fyrir hvaða verð. Annað skilyrðið er um regluleika. Til að starfsemin teljist stunduð með reglubundnum hætti þá þarf hún að vera innt af hendi samfelld í ekki mjög skamman tíma. Þessi ákvæði um regluleika og tíma vísa fyrst og fremst til umfangs starfseminnar. Þó skilyrðum um umfang, tíma og regluleika sé fullnægt þá telst starfsemin ekki atvinnurekstur nema þriðja skilyrðinu sé einnig fullnægt. Það er að efnahagslegur tilgangur starfseminnar sé að skila hagnaði. Þetta þýðir þó ekki að ef reksturinn skilar tapi, þá teljist hann ekki atvinnurekstur, heldur er það tilgangurinn sem að ræður. Hins vegar er það ekki skilyrði að hægt sé að lifa af starfseminni enda getur verið um aukatekjur að ræða, einstaklingurinn hafi lífsviðurværi sitt af öðru launuðu starfi. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003)

Einstaklingar í atvinnurekstri teljast þeir sem stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi annað hvort einir eða með maka sínum og/eða börnum. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003) Atvinnustarfsemin getur hvort heldur sem er verið stunduð í þeirra eigin nafni og kennitölu eða sem sérstakt firma undir öðru nafni. Ef fyrirtækið er rekið undir sérstöku nafni öðru en nafni eiganda, þarf að skrá það í firmaskrá hjá sýslumanni þrátt fyrir að reksturinn sé á kennitölu eiganda. Tilgangurinn með skráningu er svo að viðskiptaaðilar og lánardrottnar hafi greiðan aðgang að öllum upplýsingum um firmað, hver beri ábyrgð á því og hver megi skuldbinda það. (Sigríður Logadóttir, 2003) Einstaklingar í atvinnurekstri eru nokkuð fjölmennur hópur. Til hópsins má telja flest alla bændur landsins ásamt fjölda sjálfstætt starfandi fólks með ýmiskonar sérfræðimenntun þar á meðal lögfræðinga, arkitekta, verkfræðinga og lækna. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003)

1.2 Tómsundastarfsemi

Gerður er greinarmunur á sjálfstæðri atvinnustarfsemi og tómsundastarfsemi. Öflun tekna með sölu á vörum eða þjónustu er meginhlutverk alls atvinnurekstrar og tekjur sem fást af aðalstarfsemi fyrirtækisins eru kallaðar reglulegar tekjur. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003)

Ef tegund starfseminnar, umfang hennar og rekstur er þess eðlis að starfsemin muni ekki skila rekstrarafgangi jafnvel þegar til lengri tíma er litið, þá er líklegt að hún flokkist undir tómsundastarfsemi. Það eru í meginatriðum sömu atriði sem liggja til grundvallar skilgreiningunni á tómsundastarfsemi sem geta valdið því að aðila er synjað um skráningu á virðisaukaskattsskrá samkvæmt 1. másl. 5. mgr. 5. gr. VSK laga nr. 50/1988. Það er ef sýnt er að heildartekjur vegna starfseminnar muni að jafnaði verða lægri en kostnaður vegna aðfanga til hennar. Aðaleinkenni tómsundastarfsemi er að tekjurnar af henni eru ekki aðalatvinna manns og skipta sjaldnast máli um afkomu hans. Starfsemin fer fram í frítíma utan reglubundins vinnutíma eða meðfram annarri atvinnustarfsemi.

Við mat á því hvort starfsemi telst atvinnurekstur eða tómsundastarfsemi virðist oftast vera lagt til grundvallar umfang starfseminnar. Mælikvarði á umfang er meðal annars fjöldi viðskipta og/eða heildartekjur ásamt fjölda og gerð eigna sem notaðar eru við tekjuöflunina. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003) Samkvæmt 1. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt þá ber einstaklingi skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum hvernig sem þeirra er aflað. Þar sem tómsundastarfsemi telst ekki atvinnustarfsemi í skilningi laganna, er óheimilt að draga frá gjöld sem ganga til að afla teknanna við skattskil heldur greiðist tekjuskattur af allri innkomunni. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003)

1.3 Einstaklingsrekstur eða tómsundastarfsemi

Mörkin milli sjálfstæðs atvinnurekstrars og tómsundastarfsemi eru óljós og hvergi að finna í lögum nákvæma skilgreiningu á tómsundastarfsemi. Það er helst að reyni á mörkin ef kemur til ágreinings um skattskyldu.

Í úrskurði yfirséttanefndar nr. 337/2006 er fjallað um kæru varðandi skattlagningu tekna af ljósmyndastarfsemi kæranda. Í úrskurðinum kemur fram að þar sem ekki sé að finna ákvæði í TSL hvað sé atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi þá sé einkum horft til

Þess í úrskurðarframkvæmd hvort um sjálfstæða reglubundna starfsemi sé að ræða, hvert umfang hennar sé og hvort starfsemin sé rekin í hagnaðarskyni.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga um VSK nr. 50/1988, nær skráningaskylda á grunnskrá virðisaukaskatts til þeirra sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi selja eða afhenda vörur eða verðmæti ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu. Í 2. gr. reglugerðar 515/1996 og 5. mgr. 5. gr. laga um VSK er reglan um skráningu virðisaukaskattskyldra aðila nánar útfærð. Þar segir að forsenda skráningar sé að samanlagðar tekjur séu að jafnaði hærri en kostnaður við aðföng keypt með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa á varanlegum rekstrarfjármunum. Eigi skuli skrá aðila nema sýnt þyki að starfsemin muni skila tekjum af sölu skattskyldrar vöru eða þjónustu þegar á fyrsta uppgjörstímabili.

Atvinnustarfsemi er nánar skilgreind í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 515/1996 en í ákvæðinu er kveðið á um skilyrði fyrir fyrirframskráningu á virðisaukaskattskrá. Þar kemur fram að skilyrði skráningar samkvæmt ákvæðinu sé meðal annars að um atvinnustarfsemi sé að ræða, það er að starfsemin miði að rekstrarhagnaði eftir eðlilegan uppbyggingartíma. Aðili teljist ekki hafa með höndum starfsemi í hagnaðarskyni ef samanlagðar tekjur af sölu eru alltaf eða nær alltaf lægri en kostnaðurinn við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar.

Í niðurstöðu yfirskattanefndar í máli ljósmyndþjónustunnar kom fram að ljóst væri að samanlagðar tekjur starfseminnar á árunum 1995-1999 væru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng, ekki væri um neina marktæka aukningu tekna að ræða á tímabilinu og gjöld vegna starfseminnar hefðu ekki dregist saman á tímabilinu. Ljósmyndþjónustan skilaði því ekki rekstarhagnaði eftir eðlilegan uppbyggingartíma. Taldi yfirskattanefnd að engin haldbær rök hefðu verið leidd fyrir því að tekjurnar myndu aukast eða starfsemin myndi nokkurn tíman skila hagnaði. Slík starfsemi verði því ekki talin atvinnustarfsemi heldur tómstundastarfsemi eða áhugarekstur af einhverju tagi. Hér byggir yfirskattanefnd rök sín fyrir úrskurðinum um tómstundastarfsemi á grundvelli laga um forsendur fyrir skráningu á virðisaukaskattskrá.

Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 414/2006 er fjallað um stóðhestinn Gauta og tekjur af nýtingu hans til undaneldis með innheimtu folatolla. Þar reyndi á mörk þess hvenær umfang og regluleiki starfseminnar hefði verið komin að þeim punkti að teljast ekki

lengur tómstundastarfsemi heldur atvinnustarfsemi. Litu skattstjóri og ríkisskattstjóri svo á að umsýsla kæranda og tekjur af stóðhestinum hefðu verið orðnar þess eðlis árið 2000 að um atvinnustarfsemi hafi verið að ræða. Kærandi hélt því hins vegar fram að líta bæri á umsvif hans með stóðhestinn á þeim tíma sem tómstundagaman og að atvinnurekstur vegna hestsins hefði ekki hafist fyrr en við stofnun einkahlutafélags í júlí 2001. Þá hefði kærandi hefði hestinn fram til greiðslu á öllu hlutafé félagsins.

Kærandi hafði á árunum 1998 til 2001 haft tekjur af hestinum með innheimtu folatolla. Á þessu tímabili hafi 101 hryssa verið leidd undir stóðhestinn. Ein árið 1998, 29 hryssur 1999, 21 árið 2000 og 50 hryssur árið 2001. Tekjur kæranda af folatollum voru 125.000 kr. árið 2000 og 610.000 ári 2001 þar sem hann innheimti ekki folatolla vegna allra hryssana. Árið 2000 hafði hann fengið greidda 5 folatolla og 28 árið 2001. Ástæður þess að ekki væri innheimt fyrir allar hryssurnar væru meðal annars, samkvæmt kæranda, að árið 2000 hefði hesturinn verið í umsjón manns sem hefði fengið að halda hryssum undir honum án endurgjalds. Einnig hefðu vinir og kunningjar fengið að halda hryssum undir hestinn án gjalds. Ennfremur hefði hann ekki rukkað folatolla ef hryssurnar héldu ekki.

Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að miða yrði við að umstang kæranda með hestinn fram á vorið 2001 hefði verið innan venjulegra marka hefðbundinnar hestamennsku. Um vorið hefði hins vegar orðið breyting á eftirspurn og útgerð hestsins til undaneldis með tilheyrandi tekjum og stórfelldri hækkun á verðmæti hans. Þá hefði starfsemin að minnsta kosti verið komin að mörkum atvinnurekstrar. Mörkin gætu í síðasta lagi verið við það tímamark þegar hestinum var ráðstafað til einkahlutafélagsins í júlí 2001. Var fallist á með kæranda að virða bæri tekjur hans vegna stóðhestsins á árunum 2000 og 2001 sem arð af lausafé sem kæmu til skattlagningar sem fjármagnstekjur utan rekstrar í 10% skattþrepi. Þá var hnekkð þeirri ákvörðun ríkisskattstjóra að telja verðmæti stóðhestsins við yfirfærslu til einkahlutafélagsins til rekstrartekna hjá kæranda og í því sambandi meðal annars vísað til þess að ekki yrði séð að um sölu hefði verið að ræða.

Annar úrskurður yfirskattanefndar nr. 94/1998 fjallar einnig um hrossabúskap. Þar var deilt um hvort starfsemin uppfyllti skilyrði atvinnurekstrar eða hvort eingöngu væri um tómstundabúskap að ræða. Í skattframtali árin 1994 og 1995 voru engar tekjur af

starfseminni eingöngu gjöld. Árið 1996 voru taldar fram tekjur upp á 49.116 kr af hrossa eigninni vegna förgunar tveggja hrossa en kostnaður kr. 273.363. Í úrskurði yfirskattanefndar var litið til takmarkaðs umfangs hrossabúskapsins og að kærendur hefðu ekki gert grein fyrir því á hvaða hátt starfsemin ætti að verða til tekjuöflunar. Þar af leiðandi var því hafnað að kærendur stunduðu hrossabúskap sem atvinnurekstur líkt og í úrskurði 337/2006 um ljósmyndabjónustuna.

Hvorki í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. nú lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, né annars staðar í skattalöggjöfinni er að finna sérstaka skilgreiningu á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að undanskilinni reglu 2. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981 um að útleiga manns á íbúðarhúsnæði teljist ekki til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi nema því aðeins að heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans nái tilteknu lágmarki, og lögmæltum viðmiðunum varðandi skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila í 5. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988, sbr. 1. gr. laga nr. 40/1995. Við ákvörðun þess hvort um atvinnurekstur er að ræða hefur í úrskurðaframingvæmd einkum verið horft til þess hvort um sjálfstæða starfsemi er að ræða sem rekin er reglubundið og í nokkru umfangi í þeim efnahagslega tilgangi að skila hagnaði. Ljóst er að það kann iðulega að reynast vandasamt að ákvarða hvort um atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er að ræða þegar reynir á mörk slíkrar starfsemi og tómskundastarfsemi, þ.e. starfsemi sem ekki er rekin í beinu tekjuöflunarskyni heldur fyrst og fremst til að fullnægja persónulegum þörfum skattaðila. Í þessu sambandi ber og að hafa í huga að sum starfsemi er þess eðlis að hún kann að vera almennt stunduð sem tómskundastarfsemi, enda þótt í einstökum tilvikum geti verið um atvinnurekstur að ræða. (Úrskurður yfirskattanefndar nr.337, bls 6-7, 2006)

2 Laun fyrir eigin vinnu

2.1 Reiknað endurgjald

Samkvæmt upphaflegum skattalögum á Íslandi var ekki heimilt að draga laun handa manni sem að stundaði atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi frá tekjum af starfseminni. Litið var á launin sem hluta af hagnaði sem var skattlagður óháð því hvernig honum var varið. Þar sem allar tekjur manna voru gerðar upp í einu lagi varð þetta til þess að draga mátti tap af atvinnurekstrinum frá öðrum tekjum. Skortur á eftirliti með framtölum varð svo til þess að menn virtust hafa óþrjótandi möguleika á að fjármagna einkaneyslu sína á kostnað atvinnurekstrarins. Þetta olli almennri óánægju í þjóðfélaginu og var eitt af þeim atriðum sem tóku breytingum við endurskoðun skattalaga 1976 til 1978, sbr. lög nr. 40/1978. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003)

Breytingin á skattalögum fólst meðal annars í því að nú ber þeim sem að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi að reikna sér endurgjald vegna eigin vinnu og tilkynna ríkisskattstjóra um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluárinu í samræmi við reglur um reiknað endurgjald. Reiknaða endurgjaldið er eins og laun og ber rekstraraðila að standa skil á staðgreiðslu og tryggingagjaldi af endurgjaldinu. Jafnframt er heimilt að draga endurgjaldið frá tekjum af starfseminni eins og um greidd laun til launþega væri að ræða. Í upphafi sætti regla þessi nokkrum mótmælum þó aldrei reyndi á mótmælin fyrir dómstólum. Töldu menn að reglan bryti í bága við eignaréttarákvæði stjórnarskrárinnar þar sem mönnum var gert að greiða skatt af ímynduðum tekjum, einnig bryti reglan á jafnréttisreglu stjórnarskrárinnar þar sem að sumum væri gert að greiða skatt af reiknuðum tekjum en öðrum ekki. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994)

Samkvæmt Guðmundi Guðbjarnarsyni (2011) var tilgangur þessara breytinga sá að menn sem að stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi myndu sitja við sama borð og almennir launþegar. Menn skyldu reikna sér endurgjald fyrir vinnu sína eins og vinnan væri innt af hendi fyrir óskyldan aðila. Endurgjaldið væri óháð sveiflum í rekstrinum á sama hátt og laun væru greidd launamanni samkvæmt kjarasamningum óháð afkomu launagreiðanda. Ekki væri heimilt að lækka endurgjaldið frekar en um laun

væri að ræða þó að reksturinn skilaði tapi. Þannig væri atvinnurekanda ætlað að greiða til hinna sameiginlegu þarfa þjóðfélagsins á sama hátt og öðrum launamönnum. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á reglum um reiknað endurgjald í gegnum tíðina til að gera þær skýrari og ótvíræðari einnig til að koma betur fram markmiðunum að baki ákvæðunum. Telur Guðmundur (2011) ljóst að reiknaða endurgjaldið sé komið til að vera enda sé það grundvöllur ýmissa annarra réttinda og skyldna samanber greiðslu í lífeyrissjóð og þar með rétt til greiðslna úr sömu sjóðum, ásamt því að vera grunnur til ákvörðunar á mánaðarlegri staðgreiðslu skatta og tryggingagjalds.

2.2 Hvernig er endurgjaldið ákvarðað?

Öllum einstaklingum sem að hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur eða atvinnustarfsemi af einhverju tagi ber að reikna sér til tekna endurgjald fyrir starfið. Endurgjaldið má ekki vera lægra en þau laun sem að hann hefði haft fyrir starfið hjá óskyldum eða ótengdum aðila samkvæmt 2. mgr. 1. tölul. A - liðar TSL. Reiknaða endurgjaldið er grunnur að staðgreiðslu tekjuskatts og tryggingagjaldi. Jafnframt ber að reikna lífeyrisiðgjald af endurgjaldinu. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf maka eða barns sé starfið innt af hendi fyrir framangreindan aðila.

Ríkiskattstjóra ber samkvæmt 58. gr. TSL að setja við upphaf árs reglur um reiknað endurgjald fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur. Ríkisskattstjóri ákveður einnig viðmiðunarfjárhæðir fyrir lágmark reiknaðs endurgjalds með hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf, gildandi kjarasamningum og raunverulega greiddum launum fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma.

Reiknað endurgjald manns sem selur út eigin vinnu eða vinnu starfsmanna sinna má aldrei vera lægra en sem svarar til launa starfsmanns hans, svo fremi sem starfsmaðurinn er með sambærilega menntun, reynslu og vinnuframlag eins og launagreiðandinn.

Viðmiðunarfjárhæðir reiknaðs endurgjalds taka mið af tegund atvinnurekstrar eða starfsemi sem að framteljandi stendur fyrir. Til einföldunar hefur atvinnurekstri verið skipt upp í átta starfaflokka. Fyrstu sjö flokkunum er skipt eftir tegund starfa, áttundi flokkurinn er vegna vinnu maka og/eða barna atvinnurekanda. Hver starfaflokkur hefur

síðan þrjá til sjö undirflokka eftir umfangi starfseminnar. Allar viðmiðunarfjárhæðir reiknaðs endurgjalds eru lágmarksfjárhæðir miðar við fullt starf við eigin rekstur.

Samkvæmt leiðbeiningum Ríkisskattstjóra vegna tekjuársins 2012 er lágmarks reiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi á bilinu frá 112.000 kr. á mánuði fyrir sauðfjárbónda upp í 569.000 kr. á mánuði fyrir lögfræðing eða löggiltan endurskoðanda með sjálfstæðan rekstur og ekki fleiri en einn mann í vinnu.

Ef viðkomandi er hins vegar í öðru föstu launuðu starfi eða starfi sem skal reikna endurgjald fyrir, má lækka viðmiðunarfjárhæðina um þá fjárhæð sem laun eða reiknað endurgjald fyrir hitt starfið er umfram 50% af viðmiðunarfjárhæðinni. Þó aldrei niður fyrir 25% af viðmiðunarfjárhæðinni eða niður í 28.000 kr. fyrir sauðfjárbónda sem hefur aðaltekjur sínar af öðru starfi og 142.250 kr. fyrir sérfræðing sem hefur aukatekjur af sjálfstæðri starfsemi.

Dæmi: Sérfræðingur á sviði laga eða fjármála í föstu starfi sem tekur að sér ráðgjöf utan fasts vinnutíma gegn gjaldi.

Viðmiðunarfjárhæð reiknaðs endurgjalds vegna sjálfstæðrar atvinnustarfsemi samkvæmt flokki A sérfræðipjónusta er mánaðarlaun 569.000 kr.. Þá upphæð má lækka um mismuninn á föstum launum viðkomandi sérfræðings og 284.500 kr. sem er 50% af viðmiðunarfjárhæð reiknaðs endurgjalds en þó aldrei niður fyrir 142.250 kr. á mánuði sem er 25% af viðmiðunarfjárhæðinni. Miðað við 25% leiðina eru sérfræðingnum reiknaðar staðgreiðsluskattskyldar tekjur upp á 1.707.000 á ári.

Fjölmíðlamaður eða leikari í fullu starfi sem launþegi tekur öðru hvoru að sér veislustjórni þegar eftir því er leitað. Manninum ber að reikna sér mánaðarlaun í flokki C (6) 320.000 kr. samkvæmt viðmiði ríkisskattstjóra. Þar sem að viðkomandi er í föstu launuðu starfi þá má lækka viðmiðunarfjárhæðina lágst niður í 25% af viðmiðunarfjárhæðinni sem eru 80.000 kr. á mánuði eða 960.000 kr. á ári. (Ríkisskattstjóri, 2012)

3 Skattar og gjöld í atvinnurekstri

3.1 Almennt um skatta

Skatta má skilgreina sem almenna skyldugreiðslu sem hið opinbera krefst af óákveðnum fjölda einkaaðila án þess að þeir eigi rétt á beinu endurgjaldi frá hinu opinbera í staðinn. Aðalmarkmið skattheimtu er að afla fjár til þjónustu og framkvæmda í almenningsþágu. Einnig getur tilgangur skatta verið að jafna tekjur manna eða skapa efnahagslegan stöðugleika. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994) Samkvæmt 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar þá verða skattar að byggjast á lögum. Skattar verða því ekki lagðir á eða afnumdir nema með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um að leggja á skatt, breyta honum eða afnema. Ekki má heldur leggja á skatt nema að heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu. Ef einstaklingar eða þeir sem að bera ábyrgð á skattgreiðslunum greiða ekki álagða skatta á gjalddaga er hinu opinbera heimilt að fylgja innheimtunni eftir með ýmsum hætti til að mynda með aðför að eignum einstaklinga eða lokun á starfsstöð eða atvinnurekstri. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994)

Þar sem skattar hafa ólíkt markmið þá er þeim skipt upp í nokkra flokka eftir ýmsum auðkennum til að mynda beinir og óbeinir skattar. Samkvæmt 7. gr. TSL eru skattskyldar tekjur hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem að skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs, skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. Nánar skilgreiningu á tekjum er svo að finna í bókstafslíðum A til C sömu greinar. Tekjuskattur er greiddur af skattaðila og er því beinn skattur. Dæmi um óbeina skatta eru ýmsir vöru og þjónustuskattar sem bætt er á verð vöru eða þjónustu við sölu eða afhendingu og greiddir af öðrum en þeim sem skattskyldir eru. Í þeim flokki má til að mynda nefna virðisaukaskatt og vörugjöld.

3.2 Tekjuskattur

Fyrstu almennu tekju- og eignaskattslögin hér á landi voru lög nr. 74/1921. Lögin byggðu að miklu leyti á dönsku tekju- og eignaskattslögunum frá 1912. Með lögunum var tekinn upp í fyrsta sinn hér á landi almennur tekjuskattur af öllum tekjum ásamt almennum eigna- og fasteignaskatti. Samkvæmt lögunum var tekjuskatturinn nettóskattur því að lögin gerðu ráð fyrir að frá tekjum mætti draga frá þann rekstrarkostnað sem að gekk til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við á hverju tekjuári. Lög nr. 74/1921 með síðari tíma breytingum, 1935, 1954, 1962 og 67/1971, voru í gildi allt til 1. janúar 1979 þegar lög nr. 40/1978 tóku við af þeim. Þau lög voru síðan endurútgefin stuttu síðar sem lög nr. 75/1981. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994) Í dag gilda lög nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Markmið nýrra tekjuskattslaga var að einfalda innheimtu skatta. Tekjuhugtakið var rýmkað og tekinn var upp tekjukelduskattur. Við breytinguna frá almennum tekjuskatti til tekjukelduskatts varð gerbreyting á útreikningi tekjuskatts hjá sjálfstætt starfandi mönnum. Breytingin fólst fyrst og fremst í því að ekki mátti lengur draga tap af einni tekjukeldu frá hagnaði af annarri. Það er, ekki mátti lengur draga tap af atvinnurekstri frá öðrum launatekjum. Tæpið má þó yfirfæra á milli ára og draga frá hagnaði næsta árs af sömu tekjukeldu. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994)

Tekjukeldur einstaklinga eru tilgreindar í A til C lið 7 gr. TSL nr. 90/2003. Í 1. til 4. tölul. A liðar er fjallað breitt um hverskonar launatekjur, gæði og hlunnindi, hvort sem um er að ræða laun vegna vinnu fyrir aðra eða reiknað endurgjald vegna eigin reksturs, lífeyri, tryggingabætur, verðlaun eða hvers konar gæði sem metin verða til peningaverðs. B liður fjallar um tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi og C liður um tekjur af eignum svo sem leigutekjur, arð og vexti. Samkvæmt 2 mgr. 30 gr. TSL má eingöngu draga kostnað frá samskonar tekjum og hann gekk til öflunar á.

Skattlagning launþega og einstaklinga í atvinnurekstri er ólík. Launþegar greiða nánast brúttó skatt af launatekjum því frá launatekjum má aðeins draga tiltekna frádráttarliði sem eru nákvæmlega tilgreindir í lögunum. Atvinnurekendur eru ýmist skattlagðir sem lögaðilar eða einstaklingar. Til að geta talist lögaðili þarf að uppfylla tiltekin skilyrði sem lúta einkum að skráningu og greiðslu stofnfjár. Ef aðili uppfyllir ekki þau skilyrði ber að skattleggja hann sem einstakling með eigin atvinnurekstur.

Atvinnurekstrartekjuskattur er nettótekjuskattur sem þýðir að frá tekjunum dregst rekstrarkostnaður, það eru þau gjöld sem falla til á árinu til að afla og viðhalda tekjunum. Tekjuskattur atvinnurekenda er því almennur tekjuskattur öfugt við tekjuskatt einstaklinga sem er tekjukelduskattur. Frá skattalegu sjónarmiði eru einstaklingar í atvinnurekstri einhverskonar millistig á milli lögaðila og launþega sem að ekki stunda sjálfstæða starfsemi eða atvinnurekstur. Þeir greiða almennan tekjuskatt af atvinnurekstrartekjum eins og um hefðbundnar launatekjur væri að ræða en geta dregið þann kostnað sem gengur til að afla og viðhalda tekjunum frá skattstofninum. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003)

3.3 Tryggingagjald

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald ber launagreiðendum að inna af hendi almennt tryggingagjald af greiddum vinnulaunum, þóknunum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tegundum greiðslna og launa sem eru nánar tilgreind í lögum. Gjaldið er samsett úr almennu tryggingagjaldi og atvinnuþryggingagjaldi.

Tryggingagjald er innheimt samkvæmt lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 113/1990 nær gjaldskyldan til allra launagreiðenda þar með eru taldir allir þeir sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi.

Gjaldstofn tryggingagjalds vegna sjálfstæðrar atvinnustarfsemi er tilgreindur í 2. mgr. 6. gr. sömu laga þar segir að stofn til tryggingagjalds skuli vera jafn fjárhæð reiknaðs endurgjalds sem hann telur sér til tekna eða ber að telja sér til tekna samkvæmt 6. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Hundraðshluti tryggingagjalds vegna tekjuársins 2012 er 7,79%. Tryggingagjald ber að greiða mánaðarlega á sömu gjalddögum og staðgreiðslu tekjuskatts af launatekjum. Þeir sem að reikna sér endurgjald eða greiða laun lægri en 42.000 kr. að meðaltali á mánuði eða 504.000 kr. samtals á ári hafa heimild til að senda inn skilagrein ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir desember sé að ræða samkvæmt 2. mgr. 15 gr. laga nr. 113/1990

3.4 Staðgreiðsla skatta

Við setningu laga um tekju- og eignarskatt nr. 40/1978 var reiknað með staðgreiðslu tekjuskatts. Það gekk þó ekki strax eftir og var það ekki fyrr en 10 árum seinna með

lögum nr. 45/1987 sem tóku gildi 1. janúar 1988, sbr. lög nr. 49/1987 um breytingar á lögum um tekju- og eignaskatt sem að staðgreiðsla tekjuskatts kom til framkvæmda.

Staðgreiðsluskattur tekur fyrst og fremst til launatekna. Með launatekjum er einkum átt við innunnin laun, reiknað endurgjald og tryggingabætur. Þó geta aðrar greiðslur eins og styrkir, heiðurslaun, verðlaunafé og váttryggingabætur fallið undir hugtakið. Um undanþágur frá staðgreiðsluskattskyldu á launum, greiðslum og hlunnindum er kveðið í reglugerð nr. 591/1987. Staðgreiðsluskatt ber að miða við hverja útborgun launa og skila til innheimtumanns ríkisins 1.-15. dags næsta mánaðar. Staðgreiðsluskatturinn er þó aðeins bráðabirgðaskattur og fer endanlegt uppgjör tekjuskatts fram við álagningu skatta eftir hvert tekjuár. Staðgreiðsla skatta nær eingöngu til launamanna og einstaklinga í atvinnurekstri. Engin breyting varð á skattheimtu lögaðila við setningu staðgreiðslulaganna. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994)

Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars á tekjuárinu. Endanleg ákvörðun reiknaðs endurgjalds fer síðan fram við endurskoðun skattframtala. Ef það kemur í ljós við endurskoðunina að reiknaða endurgjaldið hafi ekki verið í samræmi við reglurnar þá ber ríkisskattstjóra að hækka endurgjaldið hafi það reynst of lágt. (Ríkisskattstjóri, 2011).

Ef einstaklingur hefur hins vegar svo lágt endurgjald af sjálfstæðri starfsemi að áætluð staðgreiðsla að frádregnum persónuafslætti verði engin á árinu þá getur hann sótt um undanþágu til ríkisskattstjóra um að fá að skila skilagrein einu sinni á ári vegna reiknaðs endurgjalds. Fáist samþykki þá þarf viðkomandi að leggja inn skattkort sitt hjá ríkisskattstjóra. Undanþágan um ársskil á þó einungis við ef að áætlað reiknað endurgjald af starfseminni er innan við 215.000 kr. á tekjuárinu 2012. (Ríkisskattstjóri, 2012)


Samkvæmt leiðbeiningum ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald fyrir árin 2002 til 2012, þá hefur viðmið vegna ársskila haldist óbreytt frá árinu 2002. Athygli vekur að á sama tíma hefur persónuafsláttur einstaklinga hækkað úr 312.024 árið 2002 í 530.466 kr. fyrir tekjuárið 2011, sjá þróun persónuafsláttar á töflu 1 og mynd 1.

Þar sem skilyrði fyrir ársskilum er að einstaklingur leggi skattkort sitt inn hjá ríkisskattstjóra, vekur hlutfall tekna á móti persónuafslættinum sem að fylgir skattkortinu einnig athygli. Eins og sjá má á töflu 1 þá er alltaf einhver hluti skattkorts

sem fellur niður ónýttur nema skattkorti sé skipt og aðeins hluti þess lagður inn á skattstofu. Eðlilegt má telja að launþegi vilji helst halda skattkorti sínu þar sem hann hefur mestar tekjur til að fá sem besta nýtingu á persónuafslætti hvers mánaðar. Fyrir einstakling sem er launamaður með óreglulegar tekjur af aukastarfsemi getur innlagning skattkorts hjá skattstjóra þýtt að hann að greiði of háan staðgreiðsluskatt af föstum launatekjum sínum, en eigi jafnframt ónýttan persónuafslátt inni á skattkorti hjá skattstjóra. Ofgreiddi skatturinn fæst síðan ekki leiðréttur fyrr en við álagningu í ágúst á næsta ári á eftir tekjuári.

Tafla 1 Yfirlit yfir hámarksviðmið árstekna til ársskila á tekjuskatti af reiknuðu endurgjaldi og þróun persónuafsláttar á 10 ára tímabili.

Ár	Reiknað endurgjald	Persónuafsláttur	hlutfall af persónuafslætti	Ónýttur persónuafsláttur
2002	215,000	312,024	68.9%	31.1%
2003	215,000	321,900	66.8%	33.2%
2004	215,000	329,948	65.2%	34.8%
2005	215,000	339,846	63.3%	36.7%
2006	215,000	348,343	61.7%	38.3%
2007	215,000	385,800	55.7%	44.3%
2008	215,000	408,409	52.6%	47.4%
2009	215,000	506,466	42.5%	57.5%
2010	215,000	530,466	40.5%	59.5%
2011	215,000	530,466	40.5%	59.5%



Mynd 1 Samanburður á þróun persónuafsláttar og hámarksviðmiðum vegna ársskila á tekjuskatti af reiknuðu endurgjaldi 2002 til 2011.

Aðilar með óreglulegar og litlar tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi geta einnig sótt um undanþágu frá lágmarks tekjuviðmiðunum vegna reiknaðs endurgjalds til ríkisskattstjóra. Umsóknin skal vera skrifleg og henni þurfa að fylgja nauðsynleg gögn um eðli og umfang starfseminnar. Upplýsingar um önnur launuð störf eftir því sem við á og upplýsingar um verð á útseldri vinnu umsækjanda. Umsækjandinn þarf einnig að gera grein fyrir afkomu rekstrarins á síðasta ári og leggja fram áætlun um reksturinn og væntanlegar tekjur á staðgreiðsluárinu ásamt upplýsingum um hvaða fjármagn er bundið í rekstrinum. (Ríkisskattstjóri, 2011)

Ríkisskattstjóra er heimilt að fallast á að reiknað endurgjald sé lægra en viðmiðunarfjárhæðir kveða á um ef að rökstuðningur og gögn framteljanda réttlæta slíka ákvörðun. Fallist skattstjóri ekki á rökin um lægra endurgjald þá ber honum að hækka endurgjaldið til samræmis við reglurnar. (Ríkisskattstjóri, 2011) Samkvæmt Ásmundi (1994) skiptir ekki máli þótt launaákvörðun skattstjóra myndi tap í rekstrinum. Þannig geta menn í sjálfstæðum atvinnurekstri þurft að greiða skatt af reiknuðum launatekjum sínum þótt launin séu aldrei innt af hendi og tap verði af rekstrinum. Samkvæmt leiðbeiningum ríkisskattstjóra má ákvörðun um hækkun endurgjaldsins þó ekki leiða til þess að tapið verði meira en almennar fyrningar ársins hjá mönnum með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Eina undantekningin er samkvæmt 3.

málsl. 1. mgr. 58 gr. laga um STG, ef einstaklingur er ellilífeyrisþegi eða öryrki má reiknaða endurgjaldið ekki mynda tap í rekstrinum. Takmarkanir á reglum um reiknað endurgjald binda þó aðeins hendur skattstjóra við ákvörðun launa. Skattaðili getur sjálfur ákveðið að reikna sér hærri laun en ef skattstjóri myndi ákvarða launin samkvæmt 58. gr. STG. (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

3.5 Uppgjör staðgreiðslu

Gjalddagar eru 12 á ári og ber þá að skila inn uppgjöri fyrir afdreginn staðgreiðsluskatt og greiða tryggingagjald.

Fyrir einyrkja með óreglulegar tekjur og umfangslítinn rekstur sem vill reikna sér endurgjald samkvæmt lögum getur verið töluvert flókið að standa skil á sköttum og skyldum. Á vef ríkisskattstjóra eru skýrar leiðbeiningar um reiknað endurgjald hvernig ber að greina reksturinn samkvæmt starfaflokkum og umfangi reksturs. Í leiðbeiningunum er að finna undanþágur um 215.000 kr. hámarksviðmið tekna vegna ársskila og heimild til að færa reiknað endurgjald niður að 25% af viðmiðunarfjárhæð ef um aukatekjur er að ræða. Einnig er bent á í sama bæklingi að aðilar með óreglulegar tekjur geti sótt um lækkun á tekjuviðmiðum RSK með því að skila inn gögnum um umfang reksturs og áætlaðar tekjur.

Engar leiðbeiningar er hins vegar að finna í bæklingi RSK, Reiknað endurgjald, um hvernig skuli staðið að launauppgjöri eða skilum á staðgreiðslu og tryggingagjaldi eða leiðbeiningar um hvar upplýsingar um það sé að finna. Til að finna slíkar leiðbeiningar þarf að kafa dýpra í vef RSK og leita undir Rekstri og félögum - eyðublöð, þar er að finna leiðbeiningar um rafræn skil á staðgreiðslu hvernig á að fylla í númeraða reiti eyðublaðsins en ekki mynd af eyðublaðinu til glöggvunar. Allar upplýsingar um staðgreiðsluhlutfall og hlutfall tryggingagjalds er svo að finna á enn öðrum stað á vef ríkisskattstjóra.

3.6 Virðisaukaskattur

Lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt (hér eftir skammstafað VSK) tóku gildi 8. júní 1988. Skattheimta samkvæmt lögnum hófst svo 1. janúar 1990. Lögin tóku við af og felldu úr gildi eldri lög nr. 10/1960 um söluskatt. Samkvæmt 2 gr. laganna nær skattskyldan til allra vara og verðmæta nýrra og notaðra. Undantekning er þó fasteignir, peningar,

frímerki og mynt sem eru einungis vörur þegar um söfnunareintök er að ræða. Verðbréf, hlutabréf og eyðublöð ýmiskonar eru skattskyld vara þegar þau eru seld frá prentsmiðju sem prentgripir. Skattskyldan nær einnig til útseldrar vinnu og þjónustu hverju nafni sem hún nefnist, þó er kveðið á um undanþágur í 1-15. tölul. 2. gr. laganna.

Undanþágurnar ná einkum til opinberra stofnanna og fyrirtækja svo sem sjúkrastofnana, skóla og félagsþjónustu. Íþróttastarfsemi er einnig undanþegin og ýmis konar menningarstarfsemi. Rithöfundar og listamenn þurfa ekki heldur að innheimta VSK af hugverkum sínum. Samkvæmt 1. tölul. 3. gr. VSK laganna þá hvílir skylda til að innheimta VSK og standa skil á honum til ríkissjóðs á þeim, sem í atvinnuskyni eða með sjálfstæðri starfsemi sinni selja eða afhenda vörur eða verðmæti, ellegar inna af hendi skattskylda vinnu eða þjónustu. Undanþegnir samkv. 1. og 2. tölul. 4. gr. laganna eru þeir sem eingöngu selja vöru eða þjónustu sem ekki er skattskyld, listamenn vegna sölu á eigin lista- og hugverkum og uppboðshaldarar sem annast sölu á verkum þeirra á listmunauppboðum.

Virðisaukaskattslögin gera einnig ráð fyrir margs konar rekstrarformi. Leiðbeiningar ríkisskattstjóra eru mjög skýrar hvað það varðar. Fyrst má telja að ef áætlaðar tekjur eru undir 1.000.000 er ekki þörf á að sækja um virðisaukaskattsnúmer eða innheimta virðisaukaskatt. Þeir sem eru síðan með tekjur allt að 3.000.000 á ári falla undir reglur um ársskil. Einnig er skýrt kveðið á um hvernig skuli staðið að skattskilum ef farið er yfir 3.000.000 kr. hámarkið innan ársins, þá er rekstraraðila gert kleift að gera upp skattinn með leiðréttingaskýrslu á næsta gjalddaga virðisaukaskatts eftir að veltuviðmiðinu er náð og svo með reglulegum tveggja mánaða skilum í framhaldi af því. Í leiðbeiningunum er einnig gerð grein fyrir ýmis konar undanþágum frá hefðbundnum skilum. Til að mynda er hægt að sækja um undanþágu frá tveggja mánaða skilum og skila þess í stað skýrslum mánaðarlega. Það getur komið sér vel fyrir fyrirtæki sem eru að jafnaði með hærri innskatt en útskatt og eiga því rétt á endurgreiðslu á útlögðum skatti. Dæmi um slík fyrirtæki eru útflutningsfyrirtæki. Eins er gert ráð fyrir undanþágu vegna fyrirtækja eða starfsemi sem er sett upp í skamman tíma. Þar á meðal getur verið árstíðabundin sala á vörum eða þjónustu samanber markaðir sem settir eru upp í skamman tíma. Þá er rekstraraðilum gert kleift að standa skil á virðisaukaskattinum strax við lok rekstrar.

3.7 Uppgjör og skil virðisaukaskatts

Samkvæmt leiðbeiningum ríkiskattstjóra (2011) eru uppgjörstímabil virðisaukaskatts sex á ári. Skýrsla vegna janúar og febrúar er á gjalddaga í apríl og þannig koll af kolli á tveggja mánaða fresti þar til að nóvember og desember eru gerðir upp í febrúarmánuði næsta árs. Aðilar sem falla undir reglu um ársskil gera upp í febrúar ár hvert. Á vef ríkisskattstjóra má finna nákvæmar leiðbeiningar um það hvernig gera skal grein fyrir veltu og útskatti og innskattur dreginn frá við uppgjör. Þar eru einnig nákvæmar leiðbeiningar um hvað er heimilt að telja til innskatts og hvað ekki. Ríkisskattstjóri hefur einnig gefið út prentaðar leiðbeiningar um virðisaukaskatt og ársskil á virðisaukaskatti sem auðvelt er að nálgast á skattstofum landsins. Í leiðbeiningunum er vandlega farið í hver skilyrðin eru til að falla undir ársskil við nýskráningu og hvað skal gera ef aðili sem er í ársskilareglunni fer yfir 3.000.000 kr. veltumarkið innan tekjuársins. Eins er farið yfir heimild til breytinga úr ársskilum í tveggja mánaða skil þegar ársvelta nær 1.400.000 kr. og hvernig skuli staðið að málum ef rekstri er hætt.



Mynd 2 Þróun hámarks veltuviðmiða til ársskila á virðisaukaskatti á árunum 2002 til 2011

3.8 Samanburður á viðmiðum til ársskila

Það getur verið nokkuð flókið fyrir einstakling sem er að hefja sjálfstæðan atvinnurekstur að henda reiður á mismunandi reglum um gjalddaga og heimildir til ársskila á sköttum og gjöldum. Þau gjöld sem um ræðir eru staðgreiðsla skatta og tryggingagjalds og innheimta og skil á virðisaukaskatti.

Ef fyrst eru taldir skattar og gjöld sem tengjast beint reiknuðu endurgjaldi og launum þá ber að skila staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars ásamt tryggingagjaldi mánaðarlega. Fyrir aðila með umfangslítinn rekstur og litlar tekjur er heimild í lögum nr. 113/1990 um ársskil á tryggingagjaldi. Ef reiknað endurgjald fer ekki yfir 504.000 kr. á ári eða 42.000 kr. að meðaltali á mánuði er heimilt að gera upp tryggingagjaldið einu sinni á ári eins og um desember uppgjör væri að ræða. Aðrar reglur gilda um ársskil á tekjuskatti og útsvari af reiknuðu endurgjaldi þar er viðmiðunarupphæð til ársskila ekki bundin í lög heldur er ríkisskattstjóra gefin heimild samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 20. gr. laga nr. 45/1987 um STG til að ákveða undanþágu um ársskil. Sú upphæð samkvæmt leiðbeiningum ríkisskattstjóra er nú 215.000 kr. ári eða 17.917 kr. að meðaltali á mánuði gegn innlagningu skattkorts.

Virðisaukaskattstímabilin eru sex á ári og ber að skila innheimtum virðisaukaskatti af seldri vöru og þjónustu á tveggja mánaða fresti ef að ársvelta fer yfir 3.000.000 kr. á ári eða 250.000 kr. að meðaltali á mánuði. Innheimtum virðisaukaskatti af veltu undir því viðmiði ber að gera upp og skila einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir síðasta tímabil ársins væri að ræða.

Við þennan samanburð ber að setja fyrirvara um að viðmið vegna ársskila á tekjuskatti og tryggingagjaldi miðast við hámark reiknaðs endurgjalds vegna vinnu en hámarksviðmið vegna ársskila á virðisaukaskatti reiknast af heildarveltu í rekstrinum.

Tafla 2 Samanburður á viðmiðum til ársskila á sköttum og gjöldum.

	Meðaltals viðmið á mánuði	Hámark vegna ársskila
Tekjuskattur	17.917	215.000
Tryggingagjald	42.000	504.000
Virðisaukaskattur	250.000	3.000.000

Í niðurstöðum nefndar skipaðri af fjármálaráðherra árið 2002, til að gera úttekt á umfangi skattsvika kemur fram að tekjutap ríkis og sveitarfélaga vegna skattsvika geti verið á bilinu 8,5% - 11,5% af heildartekjum. Þar af sé hægt að áætla að tapaðar tekjur vegna svartrar atvinnustarfsemi og annarra vanframtaldra tekna séu á bilinu 5 – 8%. Í skýrslu nefndarinnar kemur einnig fram, að þó orðið skattsvik hafi yfir sér blæ ásetnings, þá geri sagnæmisgildi 109. gr. TSL nr. 90/2003 einnig ráð fyrir stórkostlegu gáleysi eða stórkostlegu hirðuleysi.

Nefndin nefnir ýmis atriði sem að geti haft áhrif á skattsvik og bendir meðal annars á eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi er mikilvægt að möguleikum til undanskots sé haldið í lágmarki. Í því efni skiptir annars vegar miklu að skattalöggjöfin sé eins einföld og kostur er og að samræmi sé í skattlagningu. Hins vegar er nauðsynlegt að upplýsingaskylda og skil á skattalegum upplýsingum til stjórnvalda sé skilvirk. Þá skiptir miklu að skattkerfinu takist að skapa af sér sæmilega mynd og veita skatt- borgurum góða þjónustu. Þá er ónefnt að mikilvægt er að skattborgararnir upplifi skattkerfið ekki sem ranglátt vegna þess að skattareglurnar mismuni aðilum eða að framkvæmd skattlagningar sé ekki í lagi og skattlagningarreglum ekki framfylgt. (Skýrsla starfshóps, bls. 11, 2004)

4 Niðurstöður

Í upphafi var spurt um skattaumhverfi einstaklings sem vill drýgja heimilistekjurnar með einstaklingsrekstri eða einyrkju, hvenær verður slíkur rekstur atvinnurekstur? Hvaða lög og reglur gilda um reiknað endurgjald af aukatekjum? Hvenær ber að skila staðgreiðslu og innheimta virðisaukaskatt? Er einhver munur þar á?

Skattaumhverfi einstaklings sem að hyggst drýgja heimilistekjurnar með einyrkju eða sjálfstæðum rekstri er á ýmsan hátt flókið. Ég hef áður nefnt að einstaklingsrekstur fellur einhverstaðar á milli launþega og lögaðila. Lög um tekjuskatt eru mjög skýr hvað varðar skattskyldu launþega og reiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi. Lög um staðgreiðslu, tryggingagjald og virðisaukaskatt eru einnig mjög skýr og ótvíræð það er einna helst samspilið þarna á milli og túlkun laganna sem að getur reynst flókið þegar sami aðili er bæði launþegi og einnig með sjálfstæða atvinnustarfsemi.

Mörkin á milli atvinnureksturs og tómsundastarfsemi eru mjög óljós og erfitt að henda reiður á hvenær umfang og regluleiki teljast nægjanleg til að ekki sé um tómsundastarfsemi að ræða. Ósamræmi er í viðmiðum vegna ársskila á sköttum og gjöldum. Aðilum með óreglulegar tekjur eins og í dæminu um veislustjórnina hér á undan er gert erfitt fyrir með því að skylda þá til að meta umfang starfsemi sinnar ár fram í tímann. Stjarna dagsins í dag getur verið gleymd á morgun og erfitt getur verið að henda reiður á umfangi þjónustu sem er svo nátengd persónu rekstraraðila. Með því að byggja áætlun reiknaðs endurgjalds á tekjum fyrra árs getur aðili með óreglulegar tekjur auðveldlega staðið frammi fyrir því að of eða vanmeta tekjur sínar án ásetnings þegar reiknað endurgjald er ákvarðað í upphafi árs.

Viðmið vegna ársskila á tekjuskatti af reiknuðu endurgjaldi hefur staðið í stað í 10 ár. Athygli vekur að það er eina viðmiðið sem er ákvarðað af ríkisskattstjóra samkvæmt lögum, önnur viðmið eru bundin í lög og hafa tekið reglulegum breytingum á þessu 10 ára tímabili. Ósamræmið á milli ársskilaviðmiðs til staðgreiðslu tekjuskatts og tryggingagjalds er sérstaklega bagalegt. Í flestum tilfellum er þetta tvennt spyrt saman í

skilagreinum og vandséð hvernig á að standa að skilum á staðgreiðslu en halda tryggingagjaldinu eftir án þess að eiga það á hættu að skapa rugling.

Virðisaukaskattur lýtur aðeins öðrum lögmálum en skattar og gjöld sem eru beintengdir reiknuðu endurgjaldi vegna vinnuframlags, þar sem hann miðast við heildarveltu. Þó er auðvelt að rugla þessu saman í þeim tilvikum þar sem að einungis er verið að selja vinnu eða þjónustu, samanber veislustjórnina eða ráðgjafastörf sérfræðinga sem hafa lítinn kostnað vegna aðfanga til starfseminnar.

Í úttekt minni á þjónustu ríkisskattstjóra hefur athyglin aðallega beinst að vef RSK. Þar sem að eðlilegt má telja að flestir sem standa í þeim sporum að vera að hefja lítinn atvinnurekstur byrji leit sína eftir upplýsingum. Heilt á litið eru leiðbeiningar á vef RSK góðar. En þegar kemur að því að leita sér upplýsinga um hvernig skuli staðið rétt að stofnun atvinnurekstrar, hvaða gjöld og skatta beri að innheimta og hvernig og hvenær þeim er skilað má gagnrýna hversu dreifðar upplýsingarnar eru um vefinn. Ekki er að finna á einum stað reglur um reiknað endurgjald, staðgreiðslu og tryggingagjald, hundradshluta þessarra gjalda og upplýsingar um rafræn skil og skilagreinar. Fyrir aðila sem aldrei hefur komið nálægt rekstri en vill standa rétt að málum og gjalda keisaranum það sem keisarans er, getur upplifunin af því að leita á vefnum orðið eins og af ratleik. Eitt svar leiðir af sér aðra spurningu sem þarf að leita svara við á öðrum stað.

5 Lokaorð

Hér hefur verið tæpt á mörgu sem að snýr að einstaklingsrekstri. Meðal annars var aðeins komið inn á skýrslu um umfang skattsvika frá 2004. Í skýrslunni kemur fram mikilvægi þess að skattalöggjöfin sé eins einföld og kostur er og að samræmi sé í skattlagningu. Þó að lögin séu nokkuð skýr þegar kemur að skattskilum einstaklinga í rekstri þá eru nokkur atriði sem vert er að staldra við. Þar ber fyrst að telja að óskýr mörk á milli tómstunda- og atvinnustarfsemi, ósamræmi í reglum um viðmið vegna ársskila á staðgreiðslu og tryggingagjaldi og ómarkviss framsetning á upplýsingum fyrir einstaklinga með sjálfstæða starfsemi á vef RSK . Þetta er sérstaklega athyglivert í samhengi við saknæmisgildi 109. gr. TSL þar sem að fjallað er um stórkostlegt gáleysi eða hirðuleysi. Það má spyrja sig hvort að skattaðili sem telur rangt fram geri það af ásetningi, gáleysi eða hirðuleysi eða vegna vankunnáttu og misvísandi upplýsinga. Einnig er vert að leiða hugann að því hvort að reglur um reiknað endurgjald geti til dæmis virkað letjandi á skattskil þeirra einstaklinga sem hafa mjög óreglulegar tekjur af aukavinnu. Kerfið sé einfaldlega of þunglamalegt fyrir lítinn einstaklingsrekstur sem jafnvel stendur ekki undir því að greiða fyrir utanaðkomandi bókhalds- og skattaráðgjöf.

Heimildaskrá

- Ásmundur G. Vilhjálmsson (1994). *Skattur á menn*. Reykjavík: Fjölritunarstofa Daníels Halldórssonar.
- Ásmundur G. Vilhjálmsson (2003), *Skattur á fyrirtæki*. Reykjavík: Skattvís slf
- Fjármálaráðuneytið (2004) *Skýrsla starfshóps um umfang skattsvika á Íslandi*
http://www.skattrann.is/skjol/skyrsla_skattsvik.pdf (Sótt 09.04.2012)
- Guðmundur Guðbjarnarson (2011) *Skattaframkvæmd fyrr á árum, þriðji hluti, skattalagabreytingin 1978*. Tíund 57, 34-35
- Guðrún Kvaran. „Hvað er einyrki?“. *Vísindavefurinn* 22.3.2007.
<http://visindavefur.is/?id=6549>. (Skoðað 11.3.2012)
- Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda* nr.45/1987
- Lög um virðisaukaskatt* nr. 50/1988
- Lög um tekjuskatt*. nr. 90/2003
- Lög um tryggingargjald* nr. 113/1990
- Reglugerð um skráningu virðisaukaskattskyldra aðila* nr. 515/1996
- Ríkisskattstjóri (2002, 2003, 2004, 2005, 2006, 2007, 2008, 2009, 2010, 2011, 2012)
Reiknað endurgjald, Reglur um reiknað endurgjald
- Ríkisskattstjóri (2011). *Leiðbeiningar um virðisaukaskatt*. 11. útgáfa 2011.
- Ríkisskattstjóri *Ársskil á virðisaukaskatti*. Vefur RSK
http://rsk.is/skjal/rsk_1123.pdf (sótt 13.04.2012)
- Ríkisskattstjóri *Leiðbeiningar um rafræn skil á staðgreiðslu*. Vefur RSK
http://www.rsk.is/ws/cm/file/rsk_0506_help.is.pdf (Sótt 14.04.2012)
- Sigríður Logadóttir (2003), *Lög á bók, yfirlitsrit um lögfræði*. Reykjavík: Mál og Menning
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands* nr. 33/1944
- Úrskurðir yfirsattanefndar
- nr. 94/1998
 - nr. 337/2006
 - nr. 414/2006